

ENDURMAT



FYLLA ÚT
ENDURMATS-
BEIÐNI

Til þess að óska eftir endurmati í starfsmati þarf vinnuveitandi og/eða starfsmaður að fylla út endurmatsbeiðni sem er að finna á [heimasíðu starfsmatsins](#). Hægt er að leita aðstoðar fulltrúa stéttarfélags, yfirmanns og starfsmatssteyma í héraði við að útbúa beiðni.

TAKA TIL
FYLGIGÖGN

Fyrir beiðni um endurmat skulu færð skýr skrifleg rök. Þar skal koma fram hvaða breytingar hafa orðið á starfinu frá því að starfið var síðast metið eða hvaða starfskröfur eru taldar hafa verið vanmetnar í fyrra mati.

STARFSLÝSINGAR

Til að beiðni teljist gild þarf að fylgja henni;

- upprunaleg starfslýsing (sem fyrra mat byggði á)
- ný starfslýsing, dagsett og undirrituð af yfirmanni
- útfylltur spurningarlisti

SPURNINGARLISTI

Spurningalisti til að fylla út og form fyrir starfslýsingu er hægt að nálgast á heimasisíðu starfsmatsins.

RÖKSTUÐNINGUR

Ef sótt er um endurmat getur það leitt til þess að matið fyrir starfið verði endurskoðað í heild sinni. Slík endurskoðun getur leitt til breytinga á mati á öðrum þáttum sem ekki er gerð athugasemd við. Allar endurmatsbeiðnir eru skoðaðar í samhengi við mat á öðrum störfum.

Beiðni með ófullnægjandi rökstuðningi og gögnum verður vísað frá og hlutaðeigandi aðilum leiðbeint um ágalla á beiðni.

SENDA GÖGN

Senda skal gögn til starfsmatsráðgjafa á netfangið starfsmat@starfsmat.is eða í pósti merkt: Starfsmat, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík.

Þegar beiðni um endurmat berst upplýsa starfsmatsráðgjafar viðkomandi stéttafélag um beiðnina.

Þegar tillaga starfsmatsráðgjafa liggur fyrir er hún lögð fyrir starfsmatsnefnd / framkvæmdanefnd starfsmats til úrvinnslu og samþykktar.

Niðurstaða nefndar er svo send stéttarfélagi og mannauðsstjóra sviðs / sveitarfélags sem upplýsa starfsmann/starfsmenn og viðkomandi aðila um niðurstöðu.

HÆKKUN/
LÆKKUN

Endurmat getur ýmist leitt til hækkunar, lækkunar eða óbreyttrar niðurstöðu. Hækkun á mati gildir frá þeim tíma er sótt var um endurmat og viðeigandi gögnum skilað inn til starfsmatsráðgjafa. Ef endurmat leiðir til lækkunar á mati hefur það ekki í för með sér lækkun þeirra sem nú þegar eru í starfinu en nýir starfsmenn fá greitt samkvæmt nýrri matsniðurstöðu.